

hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóm-
inn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinn ákærði Hans Sigurbjarnarson á að
vera sýkn af ákærum sóknarans í máli þessu.
Allur kostnaður málsins bæði í héraði og fyrir
yfirdómi greiðist úr landssjóði, þar með talin
málsvarnarlaun í héraði til leturgrafara Árna
Gíslasonar 8 kr. og málflytningislaun til sækj-
anda og verjanda við yfirdóminn, málaflut-
ningsmannanna Odds Gíslasonar og Einaris Bene-
diktssonar, 10 kr. til hvors.

Nr. 24/1901.

Réttvísín

gegn

Þorsteini Guðmundssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Reykjavíkuraupstaðar,
uppkveðnum 30. aprílmán. þ. á., var hinn ákærði
Þorsteinn vinnumaður Guðmundsson í Miðhúsum í
Reykjavík dæmdur fyrir einfaldan þjófnað til að
sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð samkvæmt
alm. hegningarlögum 25. júní 1869, 230. gr., og til
að greiða iðgjöld 2kr. til kaupmanns Jóns Þórðar-
sonar, svo og allan af rekstri málsins og varð-
haldi hans leiðandi kostnað, þar á meðal máls-
varnarlaun í héraði til kandidats Péturs Hjalte-

steds 4 kr. Dómi þessum hefir verið skotið til fírréttarins eftir ósk hins ákærða.

Það er með eigin játningu hins ákærða, — sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður verið dæmdur né verið refsað fyrir nokkurn glæp — og öðrum skýrslum í málinu nægilega sannað, að hann hafi í leyfisleysi tekið spýtu, 4 álna langa, tilheyrandi Jóni kaupmanni Þórðarsyni, og læst hana inn í kofa í Miðhúsum, heimili ákærða, þar sem spýtan síðar faust; ætlaði hann að hagnýta sér spýtuna, og þóttist hann hafa fundið hana sjórekna í fjörunni á Móakotslóð. En nú má ennfremur álíta það nægilega sannað, að þessi spýta, sem ákærði tók, hafi verið sama tréð, sem smiðir tveir tóku út í verzlun fyrir Jón kaupmann Þórðarson laugardaginn fyrir síðastliðna páska, fluttu inn á Móakotslóð og létu þar ofan á uppskipunarskip, sem þeir voru að smíða fyrir nefndan kaupmann, og að þetta tré hafi verið horfið þaðan, þá er smiðirnir ætluðu að taka aftur til starfa þriðjudaginn eftir páska. Þar sem nú ákærði heldur því fram, að hann hafi laugardaðskvöldið fyrir páska fundið spýtuna í fjörunni og álitid hana sjórekna, þá verður þessi framburður hans eigi tekinn trúanlegur. Það er ekkert komið fram, er bendi á það, að spýtan hafi fluzt eða geti hafa verið flutt af annara völdum en ákærða frá uppskipunarskipinu niður í fjöruna hjá Moðakoti. Ákærði lýsti ekki spýtunni, en fór leynilega með hana, faldi hana í kofa undir moðrusli og tuskum, og læsti kofanum, sem annars hafði vanalega verið

ólæstur, því að hann var hafður fyrir hesthúskofa; þegar ákærði var fluttur í varðhald, játaði hann það fyrir lögregluþjóninum, sem fór með hann, að hann hefði tekið staur frá Bjarna Þórðarsyni, en hann var annar af skipasmiðunum, sem áður er minst á. Ákærði hefir eigi gert neina viðunanlega grein fyrir því, hvað hann hafi ætlað að gera með spýtuna, en að líkindum hefir hann ætlað að brúka hana til eldsneytis. Af öllu því, sem þannig er komið fram í málinu, má álíta það sannað, að ákærði hafi laugardagskvöldið fyrir síðastliðna páska stolið áminstu tré úr uppskipunarskipinu á Móa-kotslóð, og með því að refsing sú fyrir atferli þetta, sem honum er gerð með aukaréttardóminum, þykir hæfileg, og ákvæði dómsins um iðgjöld og málskostnað samþykkjast, þar með staðfesta hann í öllum greinum. Ákærði verður og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talið málsfærslukaup til hinna skipuðu málfutningsmanna við yfirdóminn, sem ákveðst 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Ákærði Þorsteinn Guðmundsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors. Ídæmd iðgjöld greiðist áður liðnar séu 8 vik-

ur frá lögbirtingu dóms þessa og ber honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. ágústmánaðar.

Nr. 6/1901.

Þórður Guðjohnsen fyrir hönd

Örum & Wulffs verzlunar

gegn

hreppsnefnd Hálsahrepps.

D ó m u r:

Mál þetta átti samkvæmt áfrýjunarstefnunni að koma fyrir yfirdóminn 29. apríl þ. á. Þó var það samkvæmt ósk málsfærslumanns áfrýjandans tekið fyrir þar 22. apríl þ. á., og incamíneraði málsfærslumaðurinn þá málið og lagði fram sókn í því, en skipaður talsmaður hinnar stefndu hreppsnefndar, sem mætti í málinu mótmælalaust sama dag, fékk 3 vikna frest í því til andsvara. Aftur á móti mætti enginn nefndan dag af hendi undirdómarans í málinu, sem hafði verið stefnt fyrir yfirdóminn til að sæta ábyrgð fyrir meðferð málsins í héraði og dóm sinn, og 29. apríl, hinn rétta stefnudag málsins, gat heldur eigi verið um mót af hálfu undirdómarans að ræða, þar sem ekkert réttarhald var í málinu þann dag.

Með því að undirdómaranum samkvæmt þessu hefir eigi gefist kostur á, samkvæmt því sem fyrirskipað er í Norsku laga 1—2—3, að verja dóm sinn og meðferð málsins, verður eigi hjá því komið að vísa máli þessu ex officio frá yfirdómi, og